

TILKYNNING UM SANNGJARNA VINNSLU Á GÖGNUM
BEINT TIL FYRIRTÆKJAVIÐSKIPTAVINA, ÞJÓNUSTUVEITENDA OG ANNARRA
VIÐSKIPTAFÉLAGA

Gefið út þann: 3. maí 2018

Uppfært þann: 3. maí 2018

1. KYNNING

Tilgangur þessarar tilkynningar um sanngjarna vinnslu á gögnum („Tilkynning“) er að upplýsa þig um hvernig EIZO Nordic AB („við“, „okkur“, og „okkar“) munum vinna úr persónugögnum þínum sem gagnastjórnandi og hvaða ferli við notum til að tryggja fullnægjandi vernd þeirra. Slík upplýsingagjöf er ein af skilyrðum reglugerðarinnar um almenna gagnavernd (General Data Protection Regulation) 2016/679 („GDPR“).

Þessi tilkynning myndar engin samningsbundin tengsl á milli þín og okkar og við gætum gert breytingar henni síðar meir.

2. LÖGMÆT VINNSLA

Við munum eingöngu vinna úr persónugögnum þínum:

- (a) sem þú hefur veitt leyfi fyrir;
- (b) þegar nauðsyn krefur svo við getum veitt þér/vinnuveitanda þínum vörur okkar eða þjónustu;
- (c) þegar nauðsyn krefur svo við getum svarað fyrirspurn frá þér/vinnuveitanda þínum;
- (d) þegar nauðsyn krefur svo við getum haldið sambandi við þig/vinnuveitanda þinn;
- (e) þegar úrvinnslan er nauðsynleg til að uppfylla lagalegar og reglubundnar skuldbindingar okkar

Hvað varðar (a) hér fyrir ofan, er þér heimilt að afturkalla leyfi þitt hvenær sem er með því að leggja fram beiðni eins og lýst er í hluta 12 hér fyrir neðan.

3. PERSÓNUGÖGNIN SEM VIÐ SÖFNUM UM ÞIG

3.1 Eftirfarandi persónugögn um þig eru notuð til úrvinnslu hjá okkur:

- (a) Nafn þitt, tölvupóstfang og aðrar tengiupplýsingar;
- (b) Hlutverk þitt, staða og/eða starfsheiti innan vinnustaðar þíns
- (c) Upplýsingar um áhugasvið þín hvað varðar söluviðburði eða efni;
- (d) Upplýsingar um aðgang þinn og notkun á svæðum okkar, kerfum, vefsíðum; og
- (e) Skilaboð þín, ummæli eða svör við skoðanakönnunum og spurningalistum.

3.2 Þú gætir verið skyldug/ur til að veita okkur persónugögn þín svo að við getum stjórnað fyrirtæki okkar og starfsemi þess, til að viðhalda sambandi okkar við þig/vinnuveitanda þinn, til að veita þér/vinnuveitanda þínum vörur okkar eða þjónustu eða til að uppfylla lagalegar og reglubundnar skuldbindingar okkar. Ef þú veitir okkur ekki persónugögn þín er mögulegt að við getum ekki viðhaldið sambandi okkar við þig/vinnuveitanda þinn eða veitt þér/vinnuveitanda þínum vörur okkar eða þjónustu.

- 3.3 Við munum kappkosta við að viðhalda nákvæmni og heilleika þeirra persónugagna um þig sem við vistum og við að tryggja að öll persónugögn þín séu uppfærð. Hins vegar getur þú aðstoðað okkur töluvert við þetta með því að hafa tafarlaust samband við okkur ef einhverjar breytingar verða á persónugögnum þínum eða ef þú kemst að því að við höfum ónákvæm persónugögn um þig undir höndum (sjá hluta 9 hér fyrir neðan). Við tökum ekki neina ábyrgð á tapi sem gæti orðið til vegna ónákvæmra, rangra, eða ófullnægjandi persónugagna sem þú veitir okkur.

4. SVONA SÖFNUM VIÐ PERSÓNUGÖGNUM UM ÞIG

Oftast söfnum við persónugögnum um þig frá upplýsingunum sem þú/vinnuveitandi þinn sendir okkur á meðan þú/vinnuveitandi þinn átt í samstarfi við okkur. Þetta gerist oftast með því að [þú/vinnuveitandi þinn sendir okkur tölvupósta og önnur skilaboð, nafnspjöld, eyðublöð og skjöl sem eru notuð þegar þú/vinnuveitandi þinn skráir sig fyrir móttöku á markaðs- eða markaðsgagnalistum, þú ert nefnd/ur sem manneskja með heimild til að stunda viðskipti fyrir hönd vinnuveitanda þíns, upplýsingar um innskráningu eru notaðar þegar þú/vinnuveitandi þinn skráir þig til að fá aðgang að vörum okkar eða þjónustu, hvort sem það er fyrir þína hönd eða fyrir hönd vinnuveitanda þíns.]

Einnig gætum við safnað persónugögnum um þig annars staðar frá, svo sem frá öðrum samstæðufyrirtækjum, veitendum markaðsþjónustu, eftirlitsstofnunum, stofnunum sem veita upplýsingar um lánshæfi og frá skjölum frá opinberum stofnunum.

5. SVONA NOTUM VIÐ PERSÓNUGÖGN

Við munum vinna úr persónugögnum þínum í tengslum við stjórnun á sambandi okkar við þig/vinnuveitanda þinn og til að veita þér/vinnuveitanda þínum vörur okkar og þjónustu í eftirfarandi tilgangi:

- (a) til að veita þér/vinnuveitanda þínum umbeðnar vörur eða þjónustu;
- (b) til að svara skilaboðum eða bréfum frá þér/vinnuveitanda þínum til okkar;
- (c) til að veita þér/vinnuveitanda þínum kynningar- og markaðstengt efni um vörur okkar og þjónustu sem við teljum að þú/vinnuveitandi þinn gætuð haft áhuga á;
- (d) til að stjórna, þróa og bæta vöruúrval okkar, þjónustu, verslanir, upplýsingatækniakerfi og vefsíður;
- (e) til að fylgjast með og meta fylgni við lög og stefnur okkar og staðla;
- (f) til að uppfylla lagalegar og reglubundnar skuldbindingar okkar og beiðnir hvar sem er í heiminum, þ.m.t. upplýsingaskylda til og/eða endurskoðun af hálfu innlendra og alþjóðlegra eftirlitsstofnanna;
- (g) til að framkvæma rannsóknir á peningabætti, fjármálum og lánshæfi og til að koma í veg og koma upp um svika- og glæpastarfsemi;
- (h) í stjórnsýsluskyni í tengslum við öryggi og aðgang að kerfum okkar, svæðum, vettvöngum og vefsvæðum og forritum;
- (i) til að fara eftir réttarskipunum og framkvæma og/eða verja lagaleg réttindi okkar;
- (j) í hverjum öðrum lögmætum viðskiptatilgangi; og

- (k) eins og er að öðru leyti leyfilegt eða þess krafist af viðeigandi lögum eða reglugerðum.

6. ALÞJÓÐLEGUR FLUTNINGUR Á PERSÓNUGÖGNUM

Persónugögn þín má flytja (og nálgast og vista í) til lands eða svæðis utan Evrópska efnahagssvæðisins („EES“), þ.m.t. til landa þar sem lögin bjóða ekki upp á sömu vernd persónugagna og er að finna innan EES. Við megum sérstaklega deila persónugögnum þínum með öðrum samstæðufyrirtækjum okkar utan EES, þ.m.t. í Japan. Við munum tryggja að allir slíkir alþjóðlegir flutningar verði framkvæmdir með viðeigandi varúðarráðstöfunum eins og krafist er samkvæmt GDPR. Þú getur fengið afrit af skjölunum um viðeigandi varúðarráðstafanir með því að leggja fram beiðni eins og lýst er í hluta 12 hér fyrir neðan.

7. TILFELLI ÞAR SEM VIÐ MEGUM BIRTA PERSÓNUGÖGN ÞÍN

Við seljum ekki, leigjum eða stundum viðskipti með persónugögn þín, og munum ekki gera það. Við munum eingöngu birta persónugögn þín eftirfarandi viðtakendum:

- (a) samstæðufyrirtækjum okkar;
- (b) fyrirtækjum sem þú hefur samþykkt eða útnefnt;
- (c) þriðju aðilum sem vinna úr persónugögnum þínum fyrir okkar hönd (svo sem kerfisveitendur okkar, þ.m.t. skýjafyrirtæki (cloud providers));
- (d) þriðju aðilum sem vinna úr persónugögnum þínum fyrir eigin hönd en í gegnum framboð á þjónustu fyrir okkar hönd til þín eða vinnuveitanda þíns (svo sem birgjar okkar);
- (e) fyrirtækjum sem framkvæma rannsóknir á peningapvætti, draga úr lánsáhættu og stunda aðrar forvarnir gegn svika- og glæpastarfsemi, og fyrirtæki sem bjóða upp á svipaða þjónustu, þ.á.m. fjármálastofnanir, láns hæfisstofnanir og eftirlitsstofnanir sem slíkum upplýsingum er deilt með;
- (f) öllum þriðju aðilum sem við framseljum réttindi okkar eða skyldur til;
- (g) mögulegum kaupendum ef svo skyldi verða að við seljum hluta af fyrirtæki okkar eða eignum; og
- (h) ríkisstjórnnum, eftirlitsstofnum, lögreglu eða dómstólum þar sem okkur er skylt að gera það samkvæmt viðeigandi lögum eða reglugerðum eða að beiðni þeirra.

8. SVONA VERNDUM VIÐ PERSÓNUGÖGN ÞÍN

Við kappkostum við að vernda persónugögn þín og munum koma á fót og viðhalda viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að tryggja ákveðið öryggisstig til að vernda persónugögn þín frá óviljandi eða óleyfilegri eyðileggingu, tapi, breytingum, birtingu eða aðgangi.

9. RÉTTINDI ÞÍN Í TENGLUM VIÐ ÞAU PERSÓNUGÖGN SEM VIÐ SÖFNUM

9.1 Ef þú vilt:

- (a) uppfæra, breyta eða eyða persónugögnum þínum, eða fá afrit að þeim persónugögnum um þig sem við búum yfir; eða
- (b) takmarka eða banna okkur að nota þau persónugögn sem við höfum um þig,

getur þú beðið um það með því að hafa samband við okkur eins og lýst er í hluta hér fyrir 12 neðan.

- 9.2 Í öllum þeim tilfellum sem talin eru upp hér fyrir ofan, gætum við beðið þig um að sanna auðkenni þitt með því að senda okkur afrit af gildum skilríkjum svo að við getum framfylgt öryggisskyldum okkar og komið í veg fyrir óleyfilega birtingu á gögnum.

10. SVONA LENGI GEYMUM VIÐ PERSÓNUGÖGN UM ÞIG

Við munum aðeins geyma persónugögn um þig eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla tilganginn sem þeim var ætlað er þeim var safnað, eða til að framfylgja lögum, reglugerðum eða innri stefnu fyrirtækisins.

11. SVONA UPPFÆRUM VIÐ EÐA BREYTUM ÞESSARI TILKYNNINGUM UM SANNGJARNA VINNSLU Á GÖGNUM

Við megum breyta eða uppfæra hluta af þessari tilkynningu til að viðhalda hlítingu okkar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða í kjölfarið af uppfærslu á innri starfsháttum okkar. Við munum gera það með því að uppfæra þessa tilkynningu. Þú munt ekki endilega fá tilkynningu um slíka breytingu. Þess vegna skaltu vera viss um að athuga þessa tilkynningu reglulega til að upplýsa þig um allar breytingar eða uppfærslur.

12. SVONA HEFURÐU SAMBAND VIÐ OKKUR

Ef þú vilt spyrja einhvers um efni þessarar tilkynningar eða um persónugögn þín, eða ef þú vilt leggja fram beiðni í tengslum við persónugögn þín, skaltu hafa samband við okkur í gegnum eftirfarandi leiðir:

Tölvupóstur: ENA.info@eizo.com

13. HVERNIG Á AÐ LEGGJA FRAM KVÖRTUN VIÐ EFTIRLITSAÐILA

Þú hefur rétt á að leggja fram kvörtun við gagnaverndareftirlitsaðila okkar ef þú telur að við höfum brotið gegn gagnaverndaréttindum þínum. Upplýsingar um hvernig skal hafa samband við innlenda gagnaverndareftirlitsaðila má finna á : http://ec.europa.eu/newsroom/article29/item-detail.cfm?item_id=612080.